



Ytra mat grunnskóla Stóru- Vogaskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Sveitarfélagið Voga.

Höfundar: Oddný Eyjólfsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-19-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	8
Stóru-Vogaskóli	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	9
Stefna skólans	9
Starfsmenn	10
Nemendur	11
Árangur náms.	11
Samræmd könnunarpróf	11
Starfstími	14
Sérfræðiþjónusta	14
Niðurstöður	15
Svið I - Stjórnun	15
Fagleg forysta.	15
Stefnumótun og skipulag	18
Samskipti heimila og skóla	20
Svið II - Nám og kennsla	22
Nám og námsaðstæður	22
Þátttaka og ábyrgð nemenda	26
Námsaðlögun.	28
Svið III – Innra mat	30
Framkvæmd innra mats	30
Umbótastarf í kjölfar innra mats	32
Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir	34
Greiningargögn og námsáætlanir.	34
Verklagsreglur og áætlanir	35
Skipulag.	35
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	37
Frekari greining fyrir Stóru- Vogaskóla	39
Heimildir.	46

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Stóru-Vogaskóla sem fór fram á haustönn 2013. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur nám nemenda með sérþarfir.

Stjórnun

Stjórnandi stuðlar markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti við starfsmenn og foreldra og er lýðræðislega unnin stefna um heimanám meðal annars til vitnis um það. Jákvæður skólabragur einkennir starf skólans. Starfs- og símenntunaráætlun og skólanámskrá eru birtar opinberlega og eru aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir úr sínum hópi. Foreldrum er reglulega boðið í vettvangsheimsóknir í skólann og vel er hlustað eftir því sem þeir hafa fram að færa.

Vinna þarf eineltisáætlun og verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks. Mikilvægt er að byggja upp lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum með markvissum hættir og efla þá til virkrar þátttöku í umræðum og ákvörðunum. Skipuleggja þarf tímasetningar í stundatöflu með þeim hætti að nemendur hafi nægjanlegt svigrúm/tíma til að komast í og/eða úr kennslustundum í íþróttum og sundi. Brýnt er að endurskoða skólareglur og meðferð agamála með tilliti til nýrrar reglugerðar. Efla þarf hlut skólaráðs sem virks samráðsaðila við stjórnun skólans og stefnumótun.

Nám og kennsla

Meðal helstu styrkleika skólans eru jákvæður skólabragur. Samskipti í skólanum og við samfélagið eru góð og einkennast af virðingu. Bekkjarstjórnun er góð og samhljómur meðal kennara um hana. Unnið að því að efla samskipti og ábyrgð nemenda á eigin hegðun. Skólinn hefur markvissa umhverfisstefnu þar sem nemendur taka virkan þátt. Kennarar eru vel menntaðir og hafa góða fagþekkingu á þeim námsgreinum sem þeir kenna. Áherslur á hegðun og líðan sem hafa einkennt þróunarvinnu að hluta í skólanum hafa skilað sér í að nemendur koma vel fram og námsumhverfi er jákvætt og vinsamlegt.

Í ljósi niðurstaðna samræmdra könnunarprófa þarf að huga að námsframvindu nemenda með það að markmiði að efla árangur. Auka þarf þátttöku nemenda við ákvarðanatöku vegna eigin náms og í skólastarfi almennt. Kennarar ættu að nota áætlanir markvisst með nemendum til að skipuleggja nám þeirra og kennslu og virkja nemendur við að meta eigin námsframvindu. Nýta má upplýsingatækni meira í námi og kennslu. Efla þarf fjölbreytni í kennsluháttum með það að markmiði að efla virkni, ábyrgð og samvinnu nemenda og möguleika á að mæta þörfum allra innan bekkjarumhverfis.

Innra mat

Fyrir liggja þær leiðir sem skólinn fer til að meta eigið starf og er innra matið notað til að kanna hvort markmiðum hafi verið náð. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að afla gagna sem hæfa viðfangsefninu og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og fulltrúar allra hagsmunaaðila geta nefnt dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

Vinna þarf að gerð langtímaáætlunar um innra mat sem tekur til helstu þátta skólastarfsins. Leita ber leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku allra kennara sem og nýjungar í kennsluháttum. Huga þarf að stofnun matsteymis skipuðu fulltrúum allra hagsmunaaðila varðandi ákvarðanir um áherslur og forgangsröðun í innra mati. Kynna þarf niðurstöður innra mats með formlegum hætti og tryggja að nemendur þekki niðurstöður mats og kannana sem þeir taka þátt í. Setja í umbótaáætlun hvernig og hvenær er hugað að mati á umbótum sem hafa verið gerðar.

Nám nemenda með sérþarfir

Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og og fjölbreyttum þörfum. Leitast er við að láta öllum nemendum líða vel. Stuðningur við nemendur með sérþarfir er fjölbreyttur og fer fram með margvíslegum sérúrræðum. Starfsmenn eru vel upplýstir um nemendur með sérþarfir og starfshópurinn vinnur að því að efla sig með ýmsu móti til að mæta þeim.

Aðaláhersla í námi nemenda með sérþarfir er á að láta þeim líða vel og mæta í skólann og virðist það markmið hafa náðst. Næsta skref sem ætti að taka er að leita leiða til að efla námsárangur og virkni nemenda í námi. Leita þarf frekari leiða til að skapa námsumhverfi innan bekkjarins sem gerir nemendum með sérþarfir kleift að vera virkir þátttakendur og eiga hlutdeild. Skipulag og umsjón vegna nemenda með sérþarfir ætti að vera hjá einum aðila sem hefur til þess sérfræðipækkingu. Skrá þarf hvernig bregðast eigi við niðurtstöðum skimana og mats.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Stóru-Vogaskóla. Matið var framkvæmt af Oddnýju Eyjólfsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og voru matsmenn á vettvangi á tímabilinu 8. - 10. október 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Stóru-Vogaskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og nám nemenda með sérþarfir. Síðasttaldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla, 2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var: sérkennsla/stoðþjónusta.

Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið var gengið út frá aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4 þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sex ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneyti lét fara fram árin 2003 og 2008 en engar heildarúttektir hafa verið gerðar á Stóru-Vogaskóla af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fundur til að kynna matið og framkvæmd þess var haldinn 10. september 2013 með skólastjóra, kennurum og öðru starfsfólki, fulltrúa skólanefndar og fulltrúa frá Fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar. Sveitarstjórn sá sér ekki fært að vera með á þessum fundi. Á kynningarfundinum voru forsendur matsins kynntar og farið yfir framkvæmd þess. Sama dag gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og einnig gafst tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, nemendum, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra. Vegna fjórða matsþáttarins, nám nemenda með sérþarfir, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna og tekið viðtal við umsjónarmann sérkennslu eldri nemenda.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga (auk kynningarfundar og skoðunar), dagana 8., 9. og 10. október 2013. Heimsóttar voru 23 kennslustundir hjá 18 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku, ensku, dönsku, samfélagsfræði, siðfræði, náttúrufræði, heimilisfræði, myndmennt, smíði, íþróttum og textíl auk sérkennslu í námsverum. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða kennslustund. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að beinast að hefðbundnum kennslustundum en ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri hefur fengið í hendur lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu 15 kennaranna sér það af þeim 18 sem heimsóttir voru.

Matsmenn fóru einstaklingslega og saman yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst var við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa margháttáðar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Stóru-Vogaskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Sveitarfélagið Vogar var til ársins 2006 nefnt Vatnsleysustrandarhreppur. Sveitarfélagið er á Suðurnesjum og nær yfir Vatnsleysuströnd og bæinn Voga. Í sveitarfélaginu búa rúmlega 1.200 manns.

Í Sveitarfélaginu Vogum (Vatnsleysustrandarhreppi) hefur verið samfelld skólahald frá því haustið 1872. Þá var byggt skólahús á jörðinni Suðurkoti á Vatnsleysuströnd og nefndist skólinn Suðurkotskóli en síðar Brunnastaðaskóli. Var það eitt af fyrstu sérsníðuðum barnaskólahúsum landsins. Árið 1886 var byggt við skólahúsið og það síðan endurbyggt árið 1907, steinhlaðinn grunnur hússins er enn sjáanlegur. Nýtt og stærra skólahús var byggt skammt frá því gamla árið 1944 og er það nú íbúðarhúsið Skólatún. Byggt var sérstakt skólahús í Norðurkoti skammt frá Kálfatjörn 1903 og kennt í því húsi auk Suðurkotskóla í áratug. Skólaakstur hófst um 1943 (með fyrstu stöðum á landinu) og eftir það var allt skólahaldið á einum stað. Fyrsti áfangi Stóru-Vogaskóla var tekinn í notkun 1979. Annar áfangi skólans var tilbúinn um áramótin 1998-99. Haustið 2005 var síðan tekin í notkun veruleg viðbót við skólahúsnæðið².

Nemendur af Vatnsleysuströnd eru í skólaakstri. Skólabíll sækir nemendur að morgni og ekur þeim heim þegar skóladegi er lokið. Tveir skólabilstjórar skiptast á að sinna akstri með fimm nemendum. Þeir sem lengst eiga að koma með bílnum 12 km aðra leiðina og tekur sá akstur um 15 mínútur.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru **virðing, vinátta, velgengi**.

Markmið skólans er að veita hverjum og einum nemanda tækifæri til að þroskast, efla hæfileika sína og vera virkur í þekkingarleit sem og að nám og kennsla verði skilvirkt ferli sem lagi sig að nýjum tímum og fjölbreyttum kennsluháttum. Einnig er markmið skólans að skapa umhverfi þar sem nemendum líður vel, bæði andlega og líkamlega.

Skólinn vill stuðla að líkamlegri vellíðan nemenda m.a. með því að bjóða upp á hollan og góðan mat í mötuneyti skólans og að nemendur stundi útiveru og hreyfingu. Skólinn leggur áherslu á samstarf við foreldra um nám nemenda. Áhersla er lögð á að koma upplýsingum til foreldra eins fljótt og hægt er. Foreldrar eru boðnir velkomnir í heimsókn til að fylgjast með skólastarfinu og viðburðum sem tengjast því. Föstudagssamverur eru skipulagðar á sal þar sem nemendur sjá um skemmtun og eru foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir þangað³.

Við skólann er unnið að ýmsum þróunarverkefnum. Skólinn er að innleiða *PALS*, *kennsluaðferð* sem á íslensku stendur fyrir Þör að lesa saman, sem lýsir því sem þessi kennsluaðferð gengur út á. Hún byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna þrisvar í viku og henta bæði nemendum sem eiga auðvelt með lestur og þeim sem eiga í einhverjum erfiðleikum. Kennarar í 2., 3., 4., 5. og 7. bekk nota þessa aðferð með nemendum sínum.

Stóru-Vogaskóli vann síðastliðinn vetur með tveimur grunnskólum, Grunnskólanum í Sandgerði og Grunnskólanum í Grundarfirði að verkefninu „*Lýðræði er leikur einn*“. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði grunnskóla. Samstarfsaðilar eru UMFÍ, Unicef og umboðsmaður barna. Markmið verkefnisins er að þjálfva nemendur, kennara og foreldra í lýðræðislegum vinnubrögðum og mannréttindum í samræmi við aðalnámskrá.

2 Skólanámskrá Stóru-Vogaskóla, almennur hluti 2013-2014.

3 Skólanámskrá Stóru-Vogaskóla, almennur hluti 2013-2014.

Í vetur er þriðja skólaárið sem unnið er með *ART þjálfun*. Art er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Unnið er með félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund. Sex starfsmenn skólans hafa farið á ART námskeið á Selfossi s.l. tvö ár og tveir sóttu námskeiðið haustið 2013. Í framhaldi af því er ART þjálfun fyrir nemendur. Hver hópur fær þrjá tíma á viku í 12 vikur.

Skólinn tekur þátt í fjölþjóðlegu evrópsku samstarfsverkefni sem styrkt er af menntaáætlun Evrópusambandsins, Comeniusarhluta. Verkefnið nefnist: „*A Healthy Mind in a Healthy Body*“. Auk Íslands taka þátt Ítalía, Holland, Slóvenía, Tékkland, Spánn og Skotland. Markmið verkefnisins er að tengja saman nemendur frá ólíkum menningar- og málsvæðum um leið og unnið er að því að efla vitund um mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Upplýsingar eru á heimasíðu skólans.

Umhverfisnefnd skólans, sem í eru nemendur og starfsfólk, hefur haft eftirlit með umhverfismálum, komið með tillögur til úrbóta og útbúið stefnu skólans í umhverfismálum. Þessi vinna hefur leitt til þess að í haust flaggaði skólinn Grænfána í fyrsta sinn. Umhverfisstefnan er á heimasíðu skólans.

Starfsmenn

Við skólann og í Frístund (gæslu eftir skóla) starfa samtals 43 starfsmenn. Konur eru 33 og karlar 10. Kennarar eru 20, þar af er einn í 50% deildarstjórn og einn sinnir starfi námsráðgjafa í 49% stöðu. Einn tónlistarkennari starfar við skólann og er hann menntaður píanókennari. Leiðbeinendur eru fjórir. Einn þroskaþjálfari starfar við skólann, en verið var að ráða annan dagana sem matið fór fram. Stjórnendur eru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri í 50% stöðu. Við Frístund starfa fjórir starfsmenn í 2,1 stöðugildum. Matráðar eru tveir. Ritari er einn í einu stöðugildi. Heildarfjöldi stöðugilda hjá stuðningsfulltrúum og skólaliðum er 6,5. Húsvörður er í einu stöðugildi.

Núverandi skólastjóri hefur starfað fimm ár, þar áður var skólastjóri sem sat einn vetur en fram að því sat sami skólastjóri árin 1996 – 2007. Nýr aðstoðarskólastjóri kom til starfa skólaárið 2012-2013 en þar áður var sami aðstoðarskólastjóri árin 1988-2011. Deildarstjóri hefur starfað frá árinu 2005. Flestir kennarar við skólann hafa starfað við hann til margra ára, sama er að segja um stuðningsfulltrúa og skólaliða.

Hjúkrunarfræðingur er í 40% starfi og kemur tvisvar í viku í skólann og sinnir m.a. fræðslu- og heilbrigðismálum. Talmeinafræðingur er í 15 % starfi og kemur einu sinni í viku og sinnir talkennslu. Sálfræðingur sem er í 15% starfi kemur vikulega og sinnir greiningum, ráðgjöf og eftirfylgni. Bókasafnsfræðingur, sem er menntaður bókasafns- og upplýsingafræðingur, er í einu stöðugildi. Hann sinnir bæði skólasafni og almenningssafni sem er eitt og sama safnið og opið á sama tíma.

Átján kennarar eru með kennsluréttindi á grunnskólastigi og þar af eru átta kennarar með kennsluréttindi bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Skólastjóri hefur diplóma í opinberri stjórnsýslu. Aðstoðarskólastjóri er í námi í stjórnun menntastofnana. Deildarstjóri er í 50% stöðu og hefur lokið 90 einingum í stjórnunarfræði menntastofnana. Náttúrufræðikennari hefur framhaldsmenntun í náttúrufræði og hefur m.a. komið að útgáfu námsefnis sem og unnið á vegum ráðuneytisins í tengslum við námskrágerð í náttúruvísindum hér á árum áður. Samfélagsfræðikennari á mið- og unglingastigi er menntaður landfræðingur og er höfundur námsefnis í landafræði sem gefið hefur verið út af Námsgagnastofnun á undanförunum tveimur árum. Íþróttakennari hefur menntun í íþróttufræðum og er með kennsluréttindi. Enskukennari hefur mastersgráðu í kennslu erlendra tungumála sem nýtist honum vel í kennslu þar sem hann kennir ensku og spænsku. Kennari, sem starfar sem námsráðgjafi, er smíðakennari að mennt og hefur réttindi á grunn- og framhaldsskólastigi. Stærðfræðikennari á unglingastigi er með kennsluréttindi og að auki með framhaldsmenntun í margmiðlun. Tveir kennarar eru að auki menntaðir íþróttakennarar, annar kemur m.a. að íþróttakennslu en hinn sinnir umsjónarkennslu á miðstigi.

Menntun leiðbeinenda: einn er umsjónarkennari 4. bekkjar. Hann er með diplómu í viðskiptafræði og BS gráðu í vörustjórnun og hefur að auki kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Annar er umsjónarkennari 1. bekkjar og hefur samkvæmt upplýsingum frá skólanum lokið 180 einingum í heimspeki frá HÍ, einnig 170 einingum í kennslufræði frá HÍ og 38 einingum í barnaheimspeki á mastersstigi frá Montclair State University USA. Loks er smíðakennarinn leiðbeinandi en hann hefur MA gráðu í myndlist. Kennari textílmennnta á öllum stigum er leiðbeinandi 1 með stúdentspróf en með mikla reynslu í textílvinnu.

Nemendur

Á haustönn 2013 voru samtals 195 nemendur í 10 bekkjardeildum. Fjöldi nemenda í bekkjardeildum er frá 13 til 29. Meðalstærð bekkjardeilda er 19,5 nemandi.

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	24	18	29	17	13	16	20	20	21	17

Nemendur af erlendum uppruna eru 26 sem er um 13% nemenda. Nemendur þar sem foreldrar eru báðir erlendir eru 13 og nemendur þar sem annað foreldri er erlent eru 13. Í skólanum fá sjö nemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Nemendur með skilgreinda sérkennslu (með skilgreindri sérkennslu er átt við þá nemendur sem fá einstaklingsnámskrá) eru 17 á yngra stigi (1.-4. b) og 12 á mið-og unglíngastigi (5.-10. b), alls 29 eða um 15% nemenda. Nemendur í fyrsta bekk eru metnir um áramót og komi fram að einhver þurfi stuðning í lestri er úthlutað tíma í lestrarstuðningi samkvæmt áherslum um snemmtæka íhlutun.

Enginn nemandi er í skilgreindri sérdeild en fimm nemendur eru í Riddaragarði sem er úrræði innan skólans til að takast á við hegðunarerfiðleika ákveðinna einstaklinga. Sjö nemendur taka áfanga í fjölbraut, fjórir taka bóklegar greinar og þrír stunda nám í iðngrein. Sérkennsla í skólanum fer fram í námsveri, í bekk og í Riddaragarði.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og gerir okkur þannig kleift að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Nýjustu niðurstöður

Frammistaða nemenda fjórða bekkjar er mikið undir landsmeðaltali á samræmdu könnunarprófi haustið 2013, bæði í íslensku (21,33) og stærðfræði (22,33). Þátttaka var 88,2% í íslensku (landið 94,9%) og var 88,2% í stærðfræði (landið 96,3%). Í sjöunda bekk er frammistaða nemenda undir landsmeðaltali á samræmdu könnunarprófi í íslensku (27,24) og í stærðfræði (26,24) haustið 2013. Þátttaka var 89,4% í íslensku (landið 95,3%) og 89,4% í stærðfræði (landið 95,9%).

Í 10. bekk er frammistaða nemenda á samræmdum könnunarprófum undir landsmeðaltali í íslensku (25,53), þátt tóku 88,2% nemenda (landið 94,4%). Frammistaðan var undir meðaltali í stærðfræði (25,20), þar sem þátttaka var 88,2% (landið 94,6%) og í ensku (28,27) þar sem 88,2% nemenda tóku prófið sem er undir landsmeðalþátttöku (95,4%).

Samantekt á niðurstöðum 2007-2012**4. bekkur**

Nemendur fjórða bekkjar hafa síðustu sex ár verið undir landsmeðaltali í íslensku að árinu 2011 undanskildu. Sömu sögu má segja um stærðfræðina þar sem frammistaða hefur verið undir landsmeðaltali að árunum 2011 og 2012 undanskildum. Ekki eru birtar niðurstöður í íslensku fyrir árið 2012 þar sem nemendur voru færri en tíu talsins. Þó verður að horfa til samantektar síðustu sex ára þegar frammistaða árgangsins er borin saman við frammistöðu annarra nemenda á landsvísu vegna þess hversu fáir nemendurnir eru hvert ár fyrir sig. Frammistaða síðustu sex ára er um þremur stigum undir landsmeðaltali í íslensku og um einu og hálfu stigi undir landsmeðaltali í stærðfræði. Veita verður því eftirtekt að frammistaða hefur síðustu tvö árin verið um þremur stigum yfir landsmeðaltali en ekkert er fullyrt um frammistöðu í íslensku árið 2012.

4. bekkur		Íslenska			Stærðfræði		
Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
2007	29,44	10,92	16	28,75	8,30	20	
2008	23,96	12,11	25	23,52	8,59	25	
2009	24,90	10,10	20	27,45	10,95	20	
2010	29,00	4,99	14	29,36	7,16	14	
2011	32,92	12,34	13	33,85	7,54	13	
2012			9	33,00	6,34	11	
Öll árin	26,97	10,87	97	28,41	9,05	103	

7. bekkur

Nemendur í sjöunda bekk hafa síðustu sex árin verið talsvert undir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Þegar síðustu sex ár eru tekin saman, sést hvernig frammistaða í íslensku er um sex stigum undir landsmeðaltali og í stærðfræði er hún um fjögur og hálf stigi undir landsmeðaltali.

7. bekkur		Íslenska			Stærðfræði		
Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
2007	23,95	10,29	19	27,00	9,45	20	
2008	24,09	9,97	23	24,50	10,17	22	
2009	22,58	7,79	19	23,32	7,34	19	
2010	22,11	11,90	18	24,50	9,25	18	
2011	25,39	9,04	18	26,63	7,30	19	
2012	23,25	11,63	20	26,58	9,91	19	
Öll árin	23,57	10,03	117	25,42	8,93	117	

10. bekkur

Svipaða sögu má segja um nemendur í tíunda bekk þar sem meðaltöl síðustu sex ára hafa öll verið undir landsmeðaltali að undanskildum árunum 2010 og 2012 í ensku. Samantekt síðustu sex ára sýnir að frammistaða í íslensku er um fimm stigum undir landsmeðaltali á meðan frammistaða í stærðfræði er um fjórum og hálfu stigi undir landsmeðaltali og frammistaða í ensku er um einu og hálfu stigi undir landsmeðaltali.

10. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Ár	Meðaltal	Staðal- frávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðal- frávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðal- frávik
2007	21,42	10,15	19	28,18	10,19	17	26,90	13,16	20
2008	17,36	7,02	11	21,00	11,56	11	26,40	7,01	10
2009	24,76	9,27	25	22,88	6,22	24	27,08	9,75	26
2010	27,50	9,40	16	26,94	6,17	16	31,31	7,44	16
2011	27,74	10,54	19	27,42	10,39	19	26,95	9,79	19
2012	27,71	7,63	17	25,47	7,53	17	31,94	8,59	17
Öll árin	24,81	9,67	107	25,42	8,77	104	28,35	9,84	108

Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum prófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemanda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrir á námsferlinum.

Ef samantekt framfarastuðla síðustu sex ára er skoðuð fyrir íslensku í sjöunda bekk, vekur athygli að um 31% nemenda sýnir minni framfarir en almennt gerist á landsvísu, en þetta hlutfall er að jafnaði í kringum 15%. Þetta hlutfall er lægra í stærðfræðinni eða um 22%. Framfarastuðlar í tíunda bekk eru í takt við landið allt í íslensku en í stærðfræði sýnir 21% nemenda minni framfarir en almennt gerist á landsvísu og einungis 6% nemenda sýna meiri eða talsvert meiri framfarir en almennt gerist.

Þátttaka

Þegar horft er á þátttökuhlutfall nemenda í fjórða bekk síðustu sex ára sést að 84% nemenda hafa tekið próf í íslensku og 85% nemenda hafa tekið próf í stærðfræði. Heildarþátttaka á landsvísu er venjulega í kringum 90%.

Þátttökuhlutfall nemenda í sjöunda bekk árið 2012 var 95% í íslensku og stærðfræði en um 35% nemenda nýttu sér stuðningsúrræði í þeim greinum báðum. En stuðningsúrræði nýttu sér um 20% nemenda á landsvísu bæði í íslensku og stærðfræði.

Þátttökuhlutfall í tíunda bekk árið 2012 var um 81% í íslensku og stærðfræði en 76% í ensku Af þeim sem tóku próf nýttu sér 19% stuðningsúrræði í öllum fögum, sem er í fullu samræmi við nýtingu stuðningsúrræða á landsvísu.

Starfstími

Skólinn var settur 23. ágúst og verður slitið 5. júní samkvæmt skóladagatali. Skóladagatal gerir ráð fyrir 180 kennsludögum og fimm skipulagsdögum á skólatíma. Þess utan eru átta skipulagsdagar kennara. Vikulegur kennslutími flestra nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Tveir til þrír nemendur eru með skerta stundaskrá, allt að 5 vikustundum.

Kenndar stundir voru 565,5. Ómannaðar kennlustundir voru þrjár.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Einkunnarorð Stóru - Vogaskóla eru virðing, vinátta, velgengni.

Einkunnarorð skólastefnu Sveitarfélagsins Voga, sem er frá 2010, eru samvinna, víðsýni, vellíðan. Þar kemur meðal annars fram að í skóla- og frístundastarfi eigi nemendur að fá leiðsögn við að koma auga á og nýta tækifærin í sveitarfélaginu. Saga sveitarfélagsins frá fortíð til nútíðar skal tengd viðfangsefnum barna. Einnig skal leggja áherslu á nýsköpun, frumkvæði og skapandi, gagnrýna hugsun svo nemendur efli færni sína til að láta að sér kveða á almennum vettvangi. Komið skal til móts við ólíkar þarfir, getu og áhugasvið barna og ungmenna, hlustað á raddir barna og virðing borin fyrir hugmyndum þeirra. Enn fremur er lögð áhersla á gott starfsumhverfi og að starfsfólk þurfi að hafa frumkvæði að því að vekja áhuga á skólastarfi og nýta þann kraft sem foreldrarstarf hefur í för með sér.

Skólastarf Stóru-Vogaskóla og stjórnun skólans tekur mið af stefnu sveitarfélagsins að því er varðar hvernig komið er móts við ólíkar þarfir og getu barna og ungmenna. Einnig er í skólastarfinu lögð áhersla á gott starfsumhverfi og að nýta kraft foreldrarstarfsins. Einnig byggir stjórn skólans á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá þar sem segir: *Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins (7. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008) og í aðalnámskrá grunnskóla: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafla 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans og allir hagsmunaaðilar þekkja þá stefnu. Einkunnarorð skólans birtast annars vegar í því að aðilar skólasamfélagsins þekkja einkunnarorðin og hins vegar í því góða sambandi sem ríkir milli nemenda og starfsmanna og tengist bæði vináttu og virðingu. Hvatning stjórnenda til kennara um að auka gæði náms og kennslu tengist svo þriðja orðinu „velgengni“.

Þegar skólastjóri kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans sem meðal annars er þátttaka í Comeniusarverkefninu „Healthy Mind in a Healthy Body“ sem er samstarfsverkefni sjö skóla í Evrópu. Einnig er lögð áhersla á að í skólastarfinu sé komið til móts við þarfir allra nemenda í sveitarfélaginu.

Stjórnendur miðla upplýsingum um árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi í föstudagssamveru á sal. Á heimasíðu er fjallað um skólaakstur en þar eru hvorki upplýsingar um akstursáætlun né reglur um skólaakstur.

Þó stjórnendur fylgist með námi og kennslu í skólanum þá eru ekki reglulegar og markvissar heimsóknir í kennslustundir þar sem fram fer kerfisbundið mat á kennslu og endurgjöf í kjölfarið.

Styrkleikar

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Gildi einkunnarorða eru sýnileg í starfi skólans.
- Gagnkvæm virðing og væntumþykja endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra.

Tækifæri til umbóta

- Hvatt er til að upplýsingar um gæði skólastarfs og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi verði kynntar á heimasíðu sem og í samfélaginu utan skóla.
- Hafa upplýsingar um skólaakstur á heimasíðu.
- Huga að meiri endurgjöf til kennara svo sem með reglubundnum og markvissum heimsóknum í kennslustundir.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist sem best. Jafnframt sinna kennarar kennslu sem að mestu leyti er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.

Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf svo sem í starfsmannasamtölum, á fundum og í óformlegu spjalli vegna einstakra verkefna/starfa. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. Fyrir liggur jafnréttisáætlun sem miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum.

Starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu við ráðningu en verktakar sem vinna í skólanum skrifa ekki undir slíkt. Þess ber þó að geta að það er ekki kveðið á um slíkt í lögum og reglugerðum en þykir þó góður háttur.

Starfslýsingar skólastjóra og aðstoðarskólustjóra liggja fyrir og ekki er til skipurit þar sem gerð er grein fyrir fyrirkomulagi stjórnunar í skólanum. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur ekki fyrir. Í starfsmannastefnu Stóru-Vogaskóla eru ekki verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum sbr. reglugerð 1000/2004.

Styrkleikar

- Verkaskipting milli stjórnenda er skýr og þekkt af starfsmannahópnum.
- Gætt er að vörslu persónuupplýsinga um nemendur.
- Stjórnendur og yfirvöld skólamála eiga góða samvinnu um mótun skólustefnu.
- Stjórnendur veita endurgjöf um störf.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Gera skipurit þar sem fram kemur fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn
- Vinna eineltisáætlun og verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt. Samstarfið einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti starfsmanna og foreldra. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans. Það er bæði formlegt og óformlegt og miðar að því að styrkja nám nemenda. Markvisst samstarf um mótun heimanámsstefnu með skólapingi og aðkomu foreldra er til fyrirmyndar.

Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð. Nemendur á síðasta ári í leikskóla koma í skipulagðar heimsóknir auk þess sem þeir sækja íþróttatíma í íþróttahúsinu. Fjölbautaskóli Suðurnesja kynnir nemendum 9. og 10. bekkja skipulag náms í Fjölbautaskóla Suðurnesja og einnig heimsækja nemendur þessarar árganga skólann. Nemendum sem hafa lokið námsefni grunnskóla stendur til boða að taka framhaldsskólaáfangu í Fjölbautarskóla Suðurnesja svo sem í ensku, þýsku, stærðfræði og íslensku. Loks er samstarf við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Sett er upp fundaáætlun fyrir skólaárið, formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru ritaðar og aðgengilegar. Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði auk mismunandi fagfunda kennara sem eru hver um sig einu sinni í mánuði. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að ráðið sé ekki þátttakandi í forgangsröðun. Í rýnihópi nemenda kom fram óánægja og vantraust varðandi hvernig vali/kosningu nemenda í stjórn nemendafélags er háttað þar sem nefnd velur í stjórn með með 50% vægi á móti nemendum. Nemendur telja að í raun sé það nefndin sem velji í stjórn nemendafélagsins.

Styrkleikar

- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti við starfsmenn og foreldra.
- Stefna skólans um heimanám er lýðræðislega unnin.
- Samstarf við önnur skólastig er skýrt fram sett og virkt.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í stefnu skólans og aðgerðaráætlun þar sem fram kemur hvernig slíkri stefnu er framfylgt.
- Vinna markvisst að því að byggja upp lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum og efla þá til virkrar þátttöku í umræðum og ákvörðunum.
- Efla virkni skólaráðs með því að virkja það til þátttöku í vali á viðfangsefnum og forgangsröðun.

Skólaþróun

Símenntunaráætlun tengist þróunaráætlun skólans eins og hún birtist í skólanámskrá og er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá. Auk þess tekur hún tillit til þarfa einstakra starfsmanna. Stjórnendur hvetja og styðja starfsmenn til að sækja sér sí- og framhaldsmenntun.

Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati. Í samantektar- og umbótaáætlun skólans eru lítil tengsl við símenntunaráætlun.

Styrkleikar

- Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur í skólanámskrá og stuðlar að hvers konar starfsþróun starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur hafi forgöngu um innra mat en feli framkvæmd þess og ábyrgð ákveðnum aðilum/teymi með aðkomu allra hagsmunaðila í skólanum ásamt því að vinna með þeim að matinu.
- Tengjameðskýrumhættiáhersluríþróunar-/umbótaáætlun, verkáætlunogsímenntunaráætlun við stefnu skólans sem og innra og ytra mati á starfinu.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá sem og starfs- og símenntunaráætlun. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda. Starfsáætlun er kynnt og rædd á kennarafundum og lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Einnig eru skólaráði kynntar ákvarðanir varðandi skólanámskrá til staðfestingar. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun skólanámskrár meðal annars með tilliti til breytinga sem orðið hafa á aðalnámskrá grunnskóla, þar á meðal grunnþáttanna sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir munu birtast í almennu skólstarfi og á einstökum námssviðum.

Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár og vinnu við starfsáætlun. Aðkoma foreldra og nemenda er eingöngu í gegnum fulltrúa í skólaráði þar sem ákvarðanir eru kynntar til staðfestingar.

Skólanámskrá og starfs- og símenntunaráætlun uppfylla að nokkru leyti viðmið sem birt eru í aðalnámskrá (12. kafli) og endurspeglar að mestu áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Nokkrir þættir eru birtir bæði í skólanámskrá og starfsáætlun. Einnig eru þættir sem ættu að vera annað hvort í skólanámskrá eða starfsáætlun birtir sjálfstætt á heimasíðu skólans án tengsla við viðeigandi skjal. Skipurit skólans er ekki aðgengilegt á heimasíðu.

Styrkleikar

- Starfs- og símenntunaráætlun skólans og skólanámskrá eru birtar opinberlega og eru aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.
- Allt starfsfólk kemur að endurskoðun skólanámskrár.
- Starfsáætlun og skólanámskrá eru lagðar fyrir skólaráð.

Tækifæri til umbóta

- Vinna skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt ákvæðum 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.
- Auka beina aðkomu og þátttöku foreldra og nemenda að vinnu við skólanámskrá a.m.k. varðandi þætti er snúa beint að nemendum, svo sem áætlanir um umbætur og þróunarstarf, agamál og innra mat.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga vikunnar. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska. Ákvæði um fjölda kennslustunda á viku eru uppfyllt í öllum árgöngum.

Boðið er upp á valgreinar í 8. - 10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra. Þar má nefna: heimilisfræði – skólahreysti - líkamsrækt og hreyfing - leir og gler (kennt á vorönn) - myndmennt (kennd á haustönn) - textílmennt - tónlistarnám - smíði - spila og leikjaval - fjölmiðlun - leiklist - skák - Lego - spænska/franska - boltaval - skólaval - teiknun - val utan skóla. Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því. Fjöldi valtíma er rétt undir fimmtungi námstímans í 8.-10. bekk. Í Comeniusarverkefni er um að ræða samþættingu námgreinanna ensku, heimilisfræði og íþróttar.

Á þeim dögum sem haldin eru samræmd könnunarpróf fara nemendur í 10. bekk heim að loknu prófi. Í yngri árgöngunum er tímasetning stundatöflu með þeim hætti að ekkert hlé er milli bóklegra kennslustunda inni í skóla og íþrótta/sundkennslustunda. Kennslustundum lýkur á sömu mínútu og næsta kennslustund hefst.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.

Tækifæri til umbóta

- Sameiginlegir tímar milli árganga gefa kost á fjölbreytni í námsframboði, tækifæri til námsaðlögunar og samþættingar í viðfangsefnum nemenda.
- Skoða hvernig megi auka val nemenda í yngri bekkjum.
- Skipuleggja tímasetningar í stundatöflu með þeim hætti að nemendur hafi nægjanlegt svigrúm/tíma til að komast í og/eða úr kennslustundum í íþróttum og sundi.
- Tryggja nemendum í 10. bekk óskerta 170 kennsludaga.

Verklagsreglur og áætlanir

Í stefnu Stóru- Vogaskóla er fjallað um markmið og áherslur skólans varðandi góðan skólabrag og eru hagsmunaaðilar sammála um að vel hafi tekist til um framkvæmdina og að einkunnarorðin virðing og vellíðan birtist í daglegu starfi og samskiptum.

Fyrir liggur forvarnaráætlun er tekur til stefnu skólans um hollustu sem og andlegs og líkamlegs heilbrigðis með fræðslu til nemenda. Meðal annars fræðslu um skaðsemi ávanabindandi efna og samstarf við heilsugæslu og sveitarfélag. Fyrir liggur áfallaáætlun sem og viðbragðsáætlun gegn einelti.

Áhersla er lögð á stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir og í stefnu skólans er gerð grein fyrir markmiðum og fyrirkomulagi sem og skimunum, sem notaðar eru til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Ekki liggur fyrir móttökuáætlun nemenda með sérþarfir í námi. Skýrir verkferlar eru til staðar um móttöku nýrra nemenda og nýbúa.

Í skólanámskrá er fjallað um agamál og þar eru birtar skólareglur skólans ásamt aðgerðaráætlun. Skólareglur eru ekki í samræmi við ákvæði í nógildandi reglugerð.

Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur einkennir starf skólans.
- Forvarnaráætlun og viðbrögð gegn einelti liggja fyrir.
- Þjónusta við nemendur með sérþarfir er fjölbreytt.
- Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nýja nemendur og nýbúa.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skólareglur og meðferð agamála með tilliti til nýrrar reglugerðar.
- Huga að leiðum til að virkja nemendur og foreldra við endurskoðun á skólareglum.

- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Framfylgja verkferlum varðandi félagslega aðlögun nýbúa.
- Setja áætlanir og verklagsreglur fram á fleiri tungumálum en íslensku.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir úr sínum hópi. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag fundar reglulega í skólanum. Skólastjóri kemur á almennan fund í foreldrafélagi og kynnir stefnu og starfsemi skólans. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um foreldrafélagið og þar eru einnig eyðublöð um ýmsa þætti í skólastarfinu.

Skólaráð er ekki virkur aðili að stefnumörkun og forgangsriðun verkefna sem tengjast skólanámskrá og starfsáætlun. Skólaráð fundar tvisvar á ári og þar er fjallað um áætlanir til staðfestingar. Ekki liggja fyrir starfsáætlun og vinnureglur skólaráðs. Stefna skólans um heimanám var unnin á opnu skólalæpingi allra aðila skólasamfélagsins. Skólareglur voru ekki unnar í samvinnu við skólaráð. Tengsl foreldra í skólaráði við bakland sitt í foreldrafélagi/ foreldrahópnum eru óformleg.

Styrkleikar

- Nemendur eru kosnir til tveggja ára í skólaráð.
- Foreldrafélagið styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara/starfsfólks skólans.

Tækifæri til umbóta

- Formgera tengsl fulltrúa foreldra í skólaráði við bakland sitt í foreldrafélagi/foreldrahópnum.
- Æskilegt er að skólaráð setji sér formlega vinnuáætlun fyrir hvert starfsár þar sem fram kæmu helstu málefni hvers fundar.
- Efla hlut skólaráðs sem virks samráðsaðila við stjórnun skólans og stefnumótun.
- Æskilegt að stjórnendur fundi reglulega með stjórn foreldrafélags.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra. Þetta er meðal annars gert á foreldradögum sem eru tvisvar á ári þar sem rætt er um árangur í námi og líðan. Þá er foreldrum boðið á ýmsa viðburði í skólanum svo sem föstudagssamveru, tónleika, árshátíð og bekkjarviðburði.

Foreldrar ræddu um mikla nánd og vináttu sem og gott aðgengi að starfsfólki skólans. Það var undirstrikað hversu vel væri hlustað á foreldra ef eitthvað væri að.

Mikið af upplýsingum um skólastarfið fer fram með netpósti og í Mentor, sérstaklega í eldri deildum. Þó er misjafnt eftir kennurum hversu mikið Mentor er nýttur. Tölvupóstur er meðal annars notaður til að vekja athygli á að það sé komið nýtt inn á Mentor. Einnig er notaður töskupóstur. Það kom fram í rýnihópi foreldra að þeir virðast vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum en sumir eru ekki mjög duglegir við að sækja sér upplýsingar í Mentor.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir vissu lítið um námsmarkmið og leiðir til að ná þeim og að þeir treystu því að skólinn væri að vinna samkvæmt aðalnámskrá og skólanámskrá. Foreldrar virtust ekki nota heimasíðu skólans mikið.

Á heimasíðu skólans eru ýmsar áætlanir og upplýsingar um skólastarfið en inntak og efnisskipan í skólanámskrá og starfsáætlun er ekki í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla (12. kafla). Enn fremur eru ekki birtar niðurstöður kannana, svo sem eineltiskannana og Skólapúlsins.

Styrkleikar

- Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Boðleiðir eru stuttar og vel er hlustað eftir því sem foreldrar segja.
- Foreldrum er boðið reglulega í vettvangsheimsóknir í skólann, svo sem á samverustundir á föstudögum.

Tækifæri til umbóta

- Efla og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor af hálfu kennara.
- Skólinn kynni Mentor markvisst fyrir foreldrum.
- Hvetja foreldra til að fylgjast reglulega með upplýsingum í Mentor, svo sem áætlunum um námsmarkmið, heimanám, viðburði og fleira.
- Heimasíða skólans sé virk og uppfærð reglulega svo hún innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.

Svið II - Nám og kennsla

Í skólustefnu sveitarfélagsins segir að lögð sé áhersla á heilsueflingu og heilbrigða lífshætti og að takmarkið sé að efla sjálfsvitund og sjálfstraust nemenda. Stefnan ítrekar að lögð sé rækt við nýsköpun, frumkvæði og skapandi gagnrýna hugsun svo nemendur efli færni sína til að láta að sér kveða á almennum vettvangi. Þar kemur einnig fram að komið sé til móts við ólíkar þarfir, getu og áhugasvið og að hlustað sé á raddir barna og ungmenna.

Einkunnarorð grunnskólans eru *virðing, vinátta og velgengni* og eiga þau að birtast í störfum allra. Skólinn stefnir að því að nám og kennsla sé skilvirkt ferli sem lagar sig að fjölbreyttum kennsluháttum sem taka mið af færni hvers og eins. Áhersla er á að skapa umhverfi þar sem nemendum líður vel og að gott samstarf sé við foreldra.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Stefna sveitarfélagsins birtist að mörgu leyti í störfum skólans og skólanámskrá. Samhljómur er um að skapa aðstæður þar sem virðing er borin fyrir fjölbreytileika og umhverfi og komið sé til móts við fjölbreyttar þarfir. Þessu markmiði hefur skólinn unnið að á margvíslegan hátt og dæmi sjást um það í allri umgengni og góðum jákvæðum samskiptum í skólastofum og á göngum milli nemenda og starfsfólks.

Nemendur í 8. – 10. bekk eru með eina vikustund í siðfræði þar sem meðal annars er markmiðið að nemendur þjálfist í rökræðum og að beita gagnrýninni hugsun. Í vettvangsathugunum sáust annars fá dæmi um leiðir eða aðferðir við kennsluna almennt, sem væru fallnar til að efla frumkvæði og skapandi gagnrýna hugsun nemenda sem er hluti af stefnu sveitarfélagsins.

Skólinn hefur þá stefnu að mæta námsþörfum allra nemenda og grípa til stuðningsúrræða ef nemendur virðast ekki ná námsmarkmiðum. Til þess eru skipulögð sérúrræði sem nokkrir nemendur nýta meginhluta námstímans. Einnig er skipulögð sérkennsla í námsverum þar sem nemendur sækja kennslu, yfirleitt lítinn hluta af námstíma sínum.

Grunnþáttum menntunar og útfærslu skólans á þeim er ekki gerð sérstök skil í skólanámskrá, en grunnþáttanna gætir á áherslum í þróunarvinnu. Skólinn er skóli á grænni grein sem flaggar grænfána. Í því samhengi hefur verið sett fram umhverfisstefna með virkri þátttöku nemenda. Einnig var skólinn þátttakandi í þróunarverkefni um lýðræði á síðasta skólaári. Í vettvangsathugunum kom fram að þátttaka nemenda væri lítil við að skipuleggja eða ákveða framgang náms síns og í samtali við nemendur töldu þau aðkomu sína að ákvörðunum ekki miklar og oft á tíðum væri lítið hlustað á nemendur.

Ungmennni í rýnihópnum segjast ekki nýta námsvísa við skipulag náms en tala um að þeir fái áætlanir í tveimur fögum. Í vettvangsathugunum var almennt ekki vísað til áætlana í kennslustundum. Foreldrar nýta námsvísa ekki en tala um að þeir treysti skólanum til að vinna samkvæmt aðal- og skólanámskrá.

Þegar frammistaða nemenda er skoðuð aftur í tímann sést að frammistaða nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði hefur farið batnandi á síðustu árum þar til í haust að frammistaða nemenda er verulega slök. Frammistaða nemenda í 7. bekk er viðvarandi undir landsmeðaltali.

Sama er með frammistöðu nemenda í 10. bekk í íslensku og stærðfræði, hún er undir landsmeðaltali en frammistaða nemenda í 10. bekk er best í ensku í ár og hefur verið yfir landsmeðaltali tvisvar á þeim árum sem metin eru.

Framfarir milli 4. og 7. bekkjar á íslensku eru verulega minni en almennt gerist. Þátttaka er aðeins undir því sem er á landsvísu hjá nemendum í 4. bekk en er góð hjá nemendum í 7. bekk árið 2012. Athygli vekur að árið 2012 nýta 35% nemenda sér stuðningsúrræði í 7. bekk sem er verulega yfir landsmeðaltali.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er í gagngerri endurskoðun með tilliti til nýrrar aðalnámskrár.
- Í skólanum er jákvæður andi sem birtist í góðum samskiptum nemenda og starfsfólks.
- Leitast er við að mæta sértækum þörfum nemenda, vegna náms eða hegðunarvanda.
- Unnið er með niðurstöður kannana til að efla skólastarf.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda í ákvarðanatöku vegna eigin náms og í skólastarfi almennt.
- Efla fjölbreyttar aðferðir í námi.
- Auka þátttöku og ábyrgð nemenda við að skipuleggja nám.
- Auka árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.

Skipulag náms og námsumhverfi

Skólanámskrá er sett fram opinberlega, almennur hluti er skýrt fram settur og er á heimasíðu. Þar eru einnig námsvísar eða bekkjarnámskrár sem sýna stigvaxandi kröfur til náms. Námsvísar byggja að jafnaði á aðalnámskrá 2007. Í bekkjarnámskrá kemur yfirleitt fram í hvaða námsgreinar námstíma nemenda er skipt, markmið greinarinnar er skráð en oft vísað í markmið aðalnámskrár 2007 án þess að markmiða sé frekar getið. Líka er vísað á Mentor til nánari upplýsinga. Í bekkjarnámskrám er námsgagna getið og sagt er frá tilhögun námsmats, á þann hátt að sagt er hvað liggur til grundvallar námsmati af könnunum, prófum eða verkefnum og hvert vægi þessarra þátta er. Bekkjarnámskrár voru sumar fyrst birtar á heimasíðu um miðjan október. Upplýsingar á heimasíðu, s.s. um skólaráð og hluti sjálfsmatsáætlunar, eru ekki uppfærðar eins og þarf. Í samtali við skólastjóra kom fram að verið er að vinna að endurskoðun skólanámskrár og unnið er að námsvísun næsta árs (2014-2015) í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og hafi námsvísar þessa árs því setið á hakanum.

Nemendur á unglíngastigi hafa val um fjölbreyttar námsgreinar í um 18% af námstíma. Nemendur á yngri stigum hafa ekki skipulagt val um námsgreinar. Val um viðfangsefni eða námsaðferðir sáust ekki í vettvangsathugun og nemendur könnuðust ekki við að hafa val um námsaðferðir. Nemendur nefna að þeir eigi fyrst og fremst að lesa og hlusta við námið. Nemendur með lestrarerfiðleika nýttu sér ekki tækni við nám í þeim kennslustundum sem metnar voru í vettvangsathugun.

Skólinn er bjartur, rúmgóður og vel er gengið um hann. Kennslustofur og námsumhverfi styðja við nám og kennslu, tölvur fyrir nemendur eru í hverri stofu og skjávarpar eru víða. Verkefni nemenda prýða veggj á göngum og í sumum kennslustofum. Skipulag í skólastofum gefur jafna möguleika á samvinnu og einstaklingsvinnu. Aðstæður til náttúrufræðináms eru góðar. Nemendur sáust ekki nýta sér upplýsingatækni skipulega í námi sínu nema í sérkennslu og kennarar hvöttu nemendur ekki til að nota tölvur eða aðra tækni.

Nemendur sögðu það misjafnt eftir fögum og kennurum hvort heimanám væri hæfilegt, of létt eða of þungt. Þeir kvörtuðu undan því að fá upplýsingar um heimanám með stuttum fyrirvara, stundum daginn áður og að stundum væru þau með verkefni tengd heimanámi sem ekkert væri búið að útskýra

áður í skólanum. Nemendur í yngri deildum töldu heimanámið hæfilegt en nemendur í eldri deildum sögðu það of mikið um helgar og ítrekuðu að betra væri að fá verkefnið fyrr en deginum áður, til dæmis fyrir alla vikuna. Heimanámsstefna sem unnin var í samvinnu við foreldrafélagið var kynnt í haust. Þar kemur meðal annars fram hver markmið með heimanámi eru, áætlaður tími eftir aldri nemenda og hlutverk kennara, nemenda og foreldra.

Í tengslum við annaskipti á foreldradögum fara fram samtöl umsjónarkennara og nemenda um námið með þátttöku foreldra. Námsráðgjafi ræðir við alla nemendur 10. bekkjar.

Brugðist hefur verið við niðurstöðum kannana um líðan nemenda með skilvirkum hætti. Hádegismatartíma unglunga var flýtt til að koma til móts við ábendingar sem fram komu og er almenn ánægja með þær aðgerðir.

Nemendur í rýnihópnum telja að lítið sé um einelti, gripið sé til aðgerða strax og þeir halda að flestum líði vel í skólanum.

Styrkleikar

- Bekkjarbragur og starfsandi er yfirleitt góður.
- Sett hefur verið fram heimanámsstefna með þátttöku foreldrafélags.
- Allir kennarar vinna að undirbúningi við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.
- Námsumhverfi tengt náttúrufræðikennslu er vel útbúið.
- Samtöl um nám og líðan eru við alla nemendur 10. bekkjar á vegum námsráðgjafa.
- Samstarf milli skólastiga er skráð.
-

Tækifæri til umbóta

- Upplýsingar á heimasíðu þurfa að vera réttar.
- Setja fram og birta opinberlega námsvísa fyrir hvert skólaár í upphafi skólaárs.
- Nota áætlanir markvisst með nemendum til að skipuleggja nám þeirra og kennslu.
- Tengja áherslur í nýrri aðalnámskrá betur við nám nemenda.
- Huga að vali í námi á yngri stigum.
- Nýta upplýsingatækni í námi og kennslu nemenda.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar Stóru-Vogaskóla sýna almennt góða fagþekkingu í þeim námsgreinum sem þeir kenna. Kennslustundir eru yfirleitt vel skipulagðar. Margir kennaranna hafa góðan grunn í faginu og langa reynslu af kennslu þess. Almennt falla kennslustundir sem metnar voru, undir að vera góðar kennslustundir eða undir flokkinn „má bæta“ þar sem margt er vel gert en ákveðin atriði þarf að bæta. Í vettvangsathugun var yfirleitt einn kennari við kennslu með námshópin, undantekning er við kennslu nemenda með sérþarfir þar sem tveir kennarar voru með nemendum. Stuðningsfulltrúar voru í um 30% kennslustunda og einn eða tveir nemendur voru utan bekkjarins í sérúrræði í um

30% kennslustunda. Kennarinn er með orðið stærstan hluta tímans í flestum tilvikum, spyr ef til vill nemendahópin en fær mismikla svörun og aðeins frá hluta nemenda. Samvinna og samstarf nemenda var ekki mikið notað til náms og kennslu. Fram kom í vettvangsathugunum að nemendur vinna nær eingöngu einslega að námi sínu, eða í 87% kennslustundanna sem metnar voru. Nemendur eru yfirleitt að fást við það sama á sama tíma í öllum vettvangsathugunum. Einn kennari skipulagði námið með tilliti til mismunandi þarfa nemenda og einnig sást að einn nemandi var að vinna að eigin námsmarkmiðum sem ekki voru alveg sömu og bekkjarfélaga.

Kennarar nefndu að umhverfi væri notað í tengslum við nám og kennslu og fram kemur að unnið hefur verið að umhverfisstefnu með virkri þátttöku nemenda og í tengslum við samfélagið.

Í upphafi kennslustunda gerðu kennarar oft grein fyrir hvað fram ætti að fara í kennslustundinni, en ekki var rætt um markmið námsins eða tengsl við áætlun. Að sögn rýnihóps kennara er nemendum ekki kennt að setja sér eigin markmið. Mat á námi fór lítið fram í þeim kennslustundum sem metnar voru í vettvangsathugun, hvorki af hálfu kennara né sjálfsmat nemenda. Fram kom að verkgreinakennari metur frammistöðu nemenda eftir hverja kennslustund út frá margvíslegum þáttum en nemendur taka ekki þátt í að meta námið eða frammistöðu sína sjálfir.

Styrkleikar

- Kennarar eru vel menntaðir og hafa góða fagþekkingu á þeirri námsgrein sem þeir kenna.
- Bekkjarstjórn er góð og samhljómur um hana í kennarahópnum.
- Umhverfi er fjölbreytt og tengsl við náttúru eru nýtt í námi og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Efla fjölbreytni í kennsluháttum.
- Efla einstaklingsmiðun í kennslu.
- Auka samvinnu nemenda í námi.
- Efla nemendavirkni .

Námshættir og námsvitund

Áhugi nemenda var mismikill innan bekkja og einnig eftir aldri og námsgreinum en nemendur fylgdu fyrirmælum kennara vel og unnu að sínum verkefnum. Nemendur sem rætt var við töldu almennt vinnufrið í tímum og hægt að einbeita sér ef maður vildi. Sögðu þó stundum vera hávaða. Nám nemenda tekur að litlum hluta mið af áhugasviði þeirra, unglingar velja sér námsgreinar í 8. – 10. bekk en lítið sást af vali eða áhugasviðstengdum verkefnum hjá öðrum bekkjardeildum. Ungmennin sem rætt var við nefndu valgreinar sem skemmtilegustu greinarnar í náminu. Í vettvangsathugunum og samtölum við nemendur kom ekki fram að nemendur fengju þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum né að nemendur hefðu vaxandi ábyrgð á að velja sér viðfangsefni annað en valgreinarnar í eldri bekkjum. Nám og kennsla sem fram fór í vettvangsathugunum byggði ekki á að upplýsinga- og samskiptatækni væri hluti af námsumhverfi og námi nemenda. Nemendur með lestrarerfiðleika nýttu ekki upplýsingatækni markvisst við nám sitt í þeim kennslustundum sem metnar voru.

Styrkleikar

- Nemendur fylgja fyrirmælum kennara yfirleitt vel og vinna þau verkefni sem fyrir er lagt.

Tækifæri til umbóta

- Huga að áhugasviði nemenda og skipuleggja nám í tengslum við það.
- Vinna markvisst með lykilhæfnipættina sem efla námshætti og námsvitund.
- Auka þátttöku nemenda og ábyrgð þeirra við að skipuleggja nám sitt.
- Efla fjölbreyttar leiðir til að afla sér upplýsinga, svo sem með notkun hljóðbóka eða tölvutæku efni með það að markmiði að gera nemendum með námserfiðleika betur kleift að tileinka sér nám og kennslu.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Fulltrúi nemenda starfar með skólaráði sem fullgildur þátttakandi í umræðum og ákvarðanatöku. Nemendur í rýnihóp könnuðust almennt ekki við skólaráð og heldur ekki við að fá upplýsingar um hvað fram fer í skólaráði. Leitað er sjónarmiða nemenda með könnunum eins og Skólapúlslinum og síðasta vetur var farið að leita eftir sjónarmiðum allra nemenda um líðan í skólanum með könnun sem gerð er tvisvar á ári. Nemendur töldu ekki að þeim væru kynntar niðurstöður og kannast ekki við að fá upplýsingar um niðurstöður almennt úr könnunum sem þeir taka þátt í. Skólastjóri segir að umsjónarkennarar kynni niðurstöður fyrir nemendum. Bekkjarfundir eru ekki haldnir reglulega í eldri deildum en í sumum yngri bekkjum. Eldri nemendur tala um að fundir séu helst haldnir ef eitthvað kemur upp á og kennarar nefndu að bekkjarfundir væru eftir þörfum. Nemendur kannast ekki við að hafa komið að gerð skólareglna en bekkjarreglur eru unnar með nemendum á yngri stigum.

Verið er að vinna að því að efla lýðræði í skólastarfi með þróunarverkefni sem fram fór síðastliðinn vetur. Nemendur sem rætt var við telja að eitthvað skorti á að raddir allra fái að heyrast í skólastarfi. Þau upplifa ekki að þau fái þjálfun til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í eldri bekkjum, en nefna að í yngri bekkjum sé unnið að því að efla sjálfstraust nemenda m.a. með því að þau komi fram. Nemendur telja ekki að til sé skipulagt verklag sem þau geti farið eftir við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um aðbúnað sinn eða aðstæður, þeir telja að þeir sem hafa hæst fái frekar að koma sínum sjónarmiðum að. Nemendur eldri bekkja bjóða sig fram til starfa í stjórn nemendafélags og halda framboðsræður á sal. Kosning fer þannig fram að atkvæði nemenda hafa 50% vægi en nefnd þriggja/fjögurra fullorðinna hefur jafnmikið vægi. Fram kom í rýnihópi nemenda hörð gagnrýni á þetta fyrirkomulag. Nemendur hafa þá tilfinningu að þeirra atkvæði skipti engu máli því það séu þeir fullorðnu sem í raun ákveði hverjir verða valdir í ráðið, jafnvel að farið sé þvert á það sem kom fram í niðurstöðum nemenda.

Fram kom hjá nemendum að þeir telja sig ekki hafa mikla möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og töldu sig ekki hafa mótaðar leiðir til að hafa áhrif á skólastarfið.

Styrkleikar

- Samskiptin í athugunum og í skólanum almennt einkenndust af jákvæðni og virðingu.
- Farið er að gefa vinnu með lýðræði gaum, s.s. með verkefni „Lýðræði er leikur einn“.
- Líðan nemenda er könnuð markvisst með spurningum til allra árganga.

Tækifæri til umbóta

- Efla lýðræði tengt nemendum og þátttöku þeirra eins og kostur er.
- Skapa farveg svo nemendur fái upplýsingar frá þeim fulltrúum sem sitja á þeirra vegum í ráðum eða nefndum.
- Kynna vel niðurstöður kannana sem nemendur taka þátt í fyrir þeim.
- Endurskoða hvernig kosið er í nemendaráð.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur í eldri deildum nefna að þeir fái námsáætlanir í tveimur námsgreinum. Þeir telja sig þekkja markmiðin og setja sér markmið á þann hátt að þeir ætli að ljúka við ákveðin verkefni á tilsettum tíma. Það sé hægt í þeim fögum þar sem þeir fá áætlun til að vinna eftir. Þeir setja sér almennt ekki markmið til lengri tíma eða skipuleggja nám sitt sjálfir. Í kennslustundum segir kennari yfirleitt hvað vinna eigi í tímanum en nemendur vinna ekki eftir ákveðnum einstaklingsbundnum markmiðum eða gera sér eigin áætlanir að sögn kennara. Foreldrar fylgjast með framvindu barna sinna gegnum dagbók, sem er í Mentor og með foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári. Á eldri stigum koma frekar athugasemdir um nemendur en á yngri er almennt meira um hvað er að gerast hjá öllum bekknum í vikupistli. Foreldrar, einnig foreldrar eldri barna, vildu fá virkari upplýsingar, til dæmis á heimasíðunni, um hvað er á dagskrá. Kennarar nefna að áhersla sé á að efla jákvæð samskipti um nám og nemendur almennt. Nemendahópur fær þjálfun í samskiptum og stjórn á eigin hegðun með Art þjálfun. Sjálfsmat nemenda sást ekki í vettvangsathugunum en í námsvísun kemur aðeins fram að hluti námsmats nokkurra námsgreina sé að nemendur meti sjálfir hvernig frammistaða þeirra er. Nemendur í viðtali töluðu um að þeir mætu ekki mikið eigin vinnu, það hefði komið fyrir einu sinni eða tvisvar en væri alls ekki algengt. Í námsvísun kemur víða fram að nemendur safni efni eða verkefnum í námsmöppur sem liggja til grundvallar námsmati. Yfirleitt virðist það vera kennari sem síðan fer yfir þessar möppur og metur verkin. Nemendur vita hvað liggur til grundvallar mati á námi að því marki að sett eru viðmið um vægi ákveðinna þátta sem metnir eru, svo sem hvert er hlutfall mats á verkefnum í námsmöppu og prófa af heildareinkunn.

Styrkleikar

- Námsmöppur eru víða notaðar sem grunnur að mati.
- Áhersla er á jákvæð samskipti um nám við foreldra og nemendur.
- Unnið er markvisst með að efla samskipti og ábyrgð nemenda á eigin hegðun, s.s. með Art.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda við mat á eigin verkefnum, svo sem við mat á námsmöppu.
- Auka tengsl mats og viðmiða um hæfni.
- Auka upplýsingar á heimasíðu um hvað er í gangi og hvað hefur verið að gerast.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Skólabragur einkennist af virðingu og því að heimaskóli sé skóli allra barna í sveitarfélaginu. Lögð er rík áhersla á að mæta námsþörfum allra nemenda með margvíslegu skipulagi námsvera og sérúrræðum. Komið er til móts við námsþarfir nemenda án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Hugað er að þörfum nemenda vegna fötlunar eða annarra sérþarfa. Nemendur taka almennt flestir þátt í námi og störfum skólans, nokkrir nemendur eru þó mikinn hluta skólatímans í námi við aðrar kennsluaðstæður en bekkjarfélagar. Þessir nemendur vildu gleymast sem hluti af bekknum, bæði af kennurum og bekkjarfélögum og eins og einn nemandi orðaði það, „þá tölum við ekki við þá af því við þekkjum þá ekki“. Nemendur fást ekki mikið við verkefni eða viðfangsefni sem taka sérstaklega mið af áhuga eða hæfileikum hvers og eins. Nám er að vissu marki lagað að niðurstöðum mats, svo sem eftir skimanir í lestri hjá nemendum í 1. – 4. bekk og eftirfylgni með niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Nemendur sáust ekki vinna mismunandi verkefni eftir getu eða hæfileikum almennt í kennslustundum. Fram kom hjá foreldrum sem rætt var við að þeir telja komið til móts við námsþarfir flestra nemenda, bæði afburðanemendur og nemendur sem þurfa sérkennslu fá hjálp við námið. Nemendur töldu alla fá nám við hæfi „nema ef þú ert á undan“, þá væri þeim sagt að gera annað meðan aðrir ljúka verkefni.

Styrkleikar

- Leitast er við að öllum nemendum líði vel í skóla.
- Hugað er að þörfum nemenda vegna fötlunar eða annarra sérstakra þarfa.
- Lestrarstaða yngri nemenda er markvisst metin og brugðist við þörfum sem þar koma fram.

Tækifæri til umbóta

- Skipulag náms nemenda með sérþarfir hafi það meginmarkmið að nám nemenda geti farið sem mest fram í bekkjarumhverfi.
- Nemendur í sérúrræði tengist betur sínum árgangi og bekkjarfélögum.
- Viðfangsefni endurspegli áhuga og hæfileika nemenda.
- Nemendur séu með í ráðum um að setja sér markmið.

Stuðningur við nám

Fylgst er með námi og framförum nemenda og brugðist við niðurstöðum skimana og mats nemenda sem eru með metnar sérþarfir. Í skólanámskrá er getið um að íþróttakennari leggi hreyfingarskrá fyrir nemendur í 1. bekk, að lestrarskimanir séu í 1. – 4. bekk og að lögð sé fyrir lestarskimun í 9. bekk. Ekki er skráð hvernig brugðist er við niðurstöðum þessara skimana og mats. Enginn kennari með framhaldsnám í sérkennslufræðum starfar við skólann en þar er einn þroskaþjálfari og verið er að ráða annan. Einn kennari ber ábyrgð á skipulagi og innihaldi náms nemenda með sérþarfir í 5.- 10. bekk og tveir kennarar sjá um stuðning við nám nemenda í 1. – 4. bekk. Megináhersla er á lestur í stuðningi við nám yngri nemenda.

Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám sem eru endurskipulagðar á annaskiptum. Mismunandi form eru á þessum námskrám eftir stigum. Gerð einstaklingsáætla á mið- og unglingastigi er í höndum umsjónarmanns sérkennslu og viðkomandi kennara. Foreldrar og nemendur taka ekki markvisst þátt í að setja einstaklingsbundin námsmarkmið eða vinna við

einstaklingsnámskrá en foreldrar lesa þær yfir og geta gert athugasemdir. Fram kom hjá nemendum og kennurum að nemendur í 10. bekk, sem það á við, hafa möguleika á að taka framhaldsskólaáfangu við ýmsa framhaldsskóla. Dæmi eru einnig um að nemendur, sem lokið hafa námsefni, fái að velja sér nám tengt áhugasviði, nefnt var dæmi um spænskunám með aðstoð tækninnar.

Styrkleikar

- Nám nemenda með sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.
- Sérfræði þroskaþjálfara er nýtt við kennslu.
- Nemendur 10. bekkjar hafa tækifæri til að stunda nám tengt framhaldsskóla.

Tækifæri til umbóta

- Samræma gerð einstaklingsnámskráa.
- Skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana.
- Huga að fjölbreyttum leiðum við nám til að mæta frekar þörfum allra innan bekkjarumhverfis.
- Efla möguleika bráðgerra nemenda í námi alla skólagönguna.
- Auka þátt foreldra og nemenda við gerð einstaklingsnámskráa.

Svið III – Innra mat

Fjallað er um sjálfsmat skólans bæði í skólanámskrá og starfs- og sjálfsmatsáætlun og er á báðum stöðum fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats skólans.

Fram kemur að tilgangur sjálfsmatsins sé að skoða skólastarfið með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Markmiðið er að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfinu og að auðvelda starfsfólki að vinna eftir markmiðum skólans og meta hvort þeim hafi verið náð og stuðla að umbótum. Hlutverk sjálfsmatsáætlunarinnar er að auka yfirsýn stjórnenda á starfsemi skólans, auka skilvirkni og fagmennsku við ákvarðanir er varða þróun skólastarfsins.

Sjálfsmat Stóru-Vogaskóla byggir á stefnumiðuðu árangursmati (Balanced Scorecard) og er lögð áhersla á að meta þjónustuna, meðferð fjármála, innra starfið og mannauðinn.

Við sjálfsmatið er stuðst við eftirfarandi mat/kannanir:

- Eineltiskannanir: Könnun á líðan nemenda í 1.-10. bekk, tvisvar á ári.
- Niðurstöður lestrar- og greiningarprófa.
- Niðurstöður námsmats innan skólans – meðaleinkunn bekkjardeilda (haust-/vorönn).
- Skólanámskrá, bekkjarnámskrár og einstaklingsnámskrár (markmið skoðuð).
- Kennarafundir, starfsmannafundir og deildafundir.
- Foreldraviðtöl – viðhorf til skólans, námsefni og líðan.
- Starfsmannaviðtöl árlega – viðhorf og líðan starfsmanna.
- Vorskýrsla um samstarf grunn- og leikskóla.
- Umbótaáætlun skólans endurskoðuð.
- Fjárhagsáætlun endurskoðuð reglulega á skólaárinu.
- Skólapúlsinn: Viðhorfskönnun meðal nemenda um líðan og skólastarfið.

Mat sem skólinn tekur þátt í en ræður ekki framkvæmd nema að litlu leiti en nýtir sér niðurstöður í sjálfsmatsáætluninni:

- Samræmd könnunarpróf 4., 7. og 10. bekk – framfarastuðlar skoðaðir.
- Skólapúlsinn: Árleg viðhorfskönnun meðal nemenda, starfsmanna og foreldra.
- Rannsókn og greining: Könnun á hegðun og líðan nemenda.
- PISA.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í starfs- og sjálfsmatsáætlun skólans kemur ekki fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd matsins. Fyrir liggur áætlun um innra mat fyrir skólaárið 2013-2014. Þar eru helstu matsþættir nám og námsárangur, nemendur (virkni, líðan, skóla- og bekkjarandi), starfsfólk (starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf), samstarf heimila og skóla, aðbúnaður, ytri tengsl (nær samfélagið), ráðstöfun auðlinda (fjármagns, mannauðs og búnaðar). Ekki liggur fyrir áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár). Því liggur ekki fyrir áætlun um innra mat fyrir skólanámskrá (stefnu, markmið, námsmat og inntak náms), starfsáætlun (skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferla), kennslu (kennsluhætti og starfsþróun), stjórnun, viðmót og menningu skóla og umbótaáðgerðir/þróunarstarf.

Ekki liggur fyrir áætlun um mat á kennslu og kennsluháttum (s.s. með mati skólustjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum).

Áhersla er á að meta nám, framfarir og árangur nemenda með reglubundnum hætti. Þar er m.a. stuðst við Leið til læsis, LOGOS, námsmat innan skóla, niðurstöður samræmdra könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk og PISA.

Styrkleikar

- Fyrir liggja helstu leiðir sem skólinn fer til að meta eigið starf.
- Áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár liggur fyrir.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega með einhverjum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Vinna að gerð langtímaáætlunar um innra mat sem tekur til helstu þátta skólastarfsins.
- Leita leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku allra kennara sem og nýjungar í kennsluháttum.

Innra mat er markmiðsbundið

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnu skólans og notar skólinn innra mat til að meta hversu vel tekst að framfylgja stefnunni. Markmið og áhersluþættir grunnskólalaga og skólastefna sveitarfélagsins endurspeglast í stefnu skólanámskrár og birtast þannig í innra mati skólans. Leiðir að markmiðum eru einnig hluti af innra mati. Í umbótaáætlun ársins koma fram aðgerðir, áætlanir og ábyrgðaraðilar hvers þáttar. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í samantekt og umbótaáætlun í starfs- og sjálfsmatsáætlun er fjallað um stöðumat fyrir skólaárið 2012-2013 en ekki gerð grein fyrir árangri umbóta.

Styrkleikar

- Skólinn notar innra mat til að kanna hvort markmiðum hefur verið náð.
- Skilgreind eru viðmið um árangur.
- Markmið skólanámskrár eru metin.

Tækifæri til umbóta

- Í greinargerð komi fram að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna. Þar má nefna rafrænar kannanir, Skólapúlsinn, eineltiskannanir sem eru tvisvar á ári fyrir alla bekki, foreldraviðtöl og starfsmannaviðtöl. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmd könnunarpróf, kannanir frá Rannsóknunum og greiningu og PISA til eflingar og stuðnings við innra mat.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að afla gagna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mat.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda við að afla gagna.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði. Auk þess getur starfsfólk haft áhrif á skipulag og áherslur þegar kynning fer fram á starfsmannafundum. Ekki er starfandi matsteymi við skólann. Í rýnihópaviðtali kom fram að ákvarðanir eru kynntar skólaráði þegar þær hafa verið teknar. Umbætur og þróunarstarf er kynnt á fundum með starfsmönnum annars vegar og á almennum fundi í foreldrafélagi hins vegar.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Allir hagsmunaaðilar geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Huga að stofnun matsteymis skipuðu fulltrúum allra hagsmunaaðila varðandi ákvarðanir um áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Tryggja að allir nemendur þekki niðurstöður mats og kannana sem þeir taka þátt í.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Hagsmunaaðilar eiga ekki greiðan aðgang að greinargerðum um innra mat, framkvæmd þess og niðurstöðum. Niðurstöður ætti að kynna formlega öllum hagsmunaaðilum svo sem á opnum fundum. Nemendur fá kynningu á niðurstöðum í skólaráði. Þaðan þarf að koma upplýsingum um niðurstöður til allra nemenda en það gæti stuðlað að áhuga nemenda á slíkum könnunum og skilningi á tilgangi þeirra. Umbótaáætlun er sett fram á heimasíðu skólans ⁴.

Styrkleikar

- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Birta greinargerðir um innra mat á heimasíðu.
- Kynna niðurstöður með formlegum hætti.
- Kynna öllum nemendum helstu niðurstöður kannana.

⁴ Starfs- og sjálfsmatsáætlun 2013-2014; <http://storuvogaskoli.is/resources/Files/PDF/Starfs--og-sjalfsmatsaaetlun/Starfs--og-sjalfsmatsaaetlun--2013-2014.pdf>

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Styrkja þarf samræmi milli umbótaáætlunar og verkáætlunar með rökstuðningi fyrir viðmiðum í verkáætlun. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að það er ekki samráðsaðili að innra mati og kemur því ekki að umbótum á grundvelli skilgreiningar og skipulagningar á grunni styrkleika og veikleika. Aftur á móti eru áætlanir um umbætur kynntar skólaráði. Verkáætlun varðandi umbætur er tímasett og eru tilgreindir ábyrgðaraðilar á framkvæmd. En í verkáætlun er ekki skilgreint hvenær og hvernig skuli meta árangur. Allir aðilar skólasamfélagsins geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Styrkleikar

- Umbótaáætlun er í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Í umbótaáætlun og verkáætlun koma fram aðgerðir, tímasettar og með viðmiðum og ábyrgðaraðilum.
- Allir hagsmunaaðilar geta nefnt dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að skilgreina og skipuleggja umbætur með virku samráði við skólaráð.
- Huga að samræmi milli umbótaáætlunar og verkáætlunar.
- Setja í umbótaáætlun hvernig og hvenær er hugað að mati á umbótum sem hafa verið gerðar.

Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt lá fyrst fyrir stuttu áður en matið hófst.

Að ósk skóla og sveitarfélags var beðið um að matið væri hvernig skólinn sinnir námi nemenda með sérþarfir, þ.e. umfjöllun um stuðning sem veittur er, sérkenndu sem fram fer í námsverum og sérstökum úrræðum sem skólinn hefur stofnað til. Hér verður með þeim matsaðferðum sem notaðar voru gerð frekari grein fyrir námi nemenda með sérþarfir.

Í kafla II um nám og kennslu framar í þessari skýrslu koma fram helstu áherslur sem skólinn er með varðandi námsaðlögun, það er hvernig námið er við hæfi allra nemenda og hvernig stuðningi við námið er háttað. Til að skoða nám nemenda með sérþarfir var enn fremur litið til þess hvernig greiningargögn og námsáætlanir eru nýttar, hvaða verklagsreglum er fylgt og hvernig skipulagi er háttað.

Greiningargögn og námsáætlanir

Foreldrar eru vel upplýstir um þjónustu skólans og haft er samráð við foreldra vegna þjónustu sem skólinn veitir börnum þeirra. Foreldrar geta komið á framfæri beiðni um að börn þeirra fái sérstakan stuðning. Greiningargögn og aðrar upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla. Einnig fylgja gögn nemendum frá grunnskóla í framhaldsskóla.

Nám nemenda með sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám þar sem koma fram bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum og kennurum, niðurstöður formlegra greininga, félagsleg og námsleg staða og markmið náms nemanda. Almenn er gerð tveggja mánaða námsáætlun sem tekur á hvaða námsþáttum er verið að vinna með hverju sinni.

Ekki er alveg skýrt í framkvæmd í skólanum að umsjónarkennari beri ábyrgð á námi allra nemenda bekkjarins og að hann eigi að koma að gerð einstaklingsnámsáætlana með þeim sem við á, foreldrum, kennara sem sér um stuðning og nemendum þar sem við á. Leitað er eftir stuðningi og ráðgjöf svo sem til Brúarskóla og Fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar um nám og kennslu einstaka fatlaðra nemenda eða nemenda með sérþarfir.

Sérfræðingar utan skólans sjá um alla einstaklingsbundna greiningarvinnu og þær skimanir sem krefjast sérfræðikunnáttu sem kennarar skólans hafa ekki.

Styrkleikar

- Foreldrar þekkja vel til þjónustu sem skólinn veitir.
- Upplýsingar fylgja nemendum milli skólastiga.
- Stuðningur er endurskipulagður minnst tvisvar á ári.
- Nám nemenda með sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að við skólann starfi kennari með menntun á sviði náms og kennslu nemenda með sérþarfir.
- Umsjónarkennarar komi að gerð einstaklingsáætlana með nemendum, foreldrum og kennara sem sér um stuðning við nemendur með sérþarfir.
- Auka þátt foreldra og nemenda við gerð einstaklingsnámskráa.

Verklagsreglur og áætlanir

Hugað er að því að efla starfsfólk skólans meðal annars með því að það fái þjálfun í aðferðum til að fyrirbyggja ofbeldi og kenna leiðir til að leysa vanda.

Séð er til þess að allir starfsmenn fái upplýsingar er þeir þurfa varðandi nám og kennslu nemenda með sérþarfir. Foreldrar nemenda með annað tungumál en íslensku fá upplýsingar um skólastarfið, skólareglur, félagsstarf og fleira. Túlkaþjónusta er nýtt þegar þarf.

Umsjónarkennarar og aðrir kennarar geta fengið leiðbeiningar og kennsluráðgjöf frá fagaðilum vegna nemenda með sérþarfir. Sérfræðiþjónusta nær yfir alla þá þjónustu sem lögbundin er. Sérfræðingar, sem koma að skólastarfi, koma reglulega í skólann. Forvarnarstarf er markvisst og miðar að velferð allra nemenda.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir er ekki til staðar. Ekki er sett fram opinberlega hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats, hvaða viðmið eru sett um árangur, til hvaða úrræða eigi að grípa og hvenær eigi að meta árangur af sértækum úrræðum.

Styrkleikar

- Allir starfsmenn eru vel upplýstir um nemendur með sérþarfir.
- Verið er að efla starfsfólk og foreldra með því að sækja ART námskeið og fleiri námskeið til að takast á við erfiða hegðun.
- Sérfræðiþjónusta sem skólinn nýtir sér frá aðilum utan skólans nær til lögbundinna þátta og sérfræðingar koma reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.
- Gera áætlun um móttöku nemenda með sérþarfir og birta opinberlega.
- Birta á heimasíðu helstu upplýsingar um skólann á erlendum tungumálum.

Skipulag

Skólinn setur fram stefnu varðandi nám nemenda með sérþarfir, sérkennslustefnu þar sem fram kemur að leitast sé við að koma til móts við þarfir allra nemenda skólans. Þar er getið um hvar og í hvernig hópum kennsla nemenda fer fram og hvaða mismunandi fyrirkomulag er í skipulagi sérkennslu við skólann. Námsver eru annars vegar fyrir yngsta stig (1.-4. bekkur) þar sem fram fer stuðningur við lestrarnám og námsaðstoð vegna sértækra þroskaraskana. Einnig er námsver á mið- og unglíngastigi sem ætlað er nemendum sem ekki geta unnið í fjölmennum hópi. Einnig eru tvö önnur kennslurými sem nýtt eru fyrir nemendur sem ekki eru við nám nema lítinn hluta af tímanum í sínum bekkjardeildum.

Umsjón með námi nemenda með sérþarfir frá 5. bekk hefur kennari, sem hefur ekki framhaldsmenntun á því sviði en mikinn áhuga á starfi sínu og hefur byggt upp núverandi skipulag námsumhverfis þessara nemenda af alúð og virðingu fyrir nemendum. Umsjónarmaður fundar reglulega með sérkennurum í Hafnarfirði og yfirmanni sérkennslumála í Hafnarfirði þaðan sem skólinn sækir sérfræðiþjónustu sína. Starfsmenn stoðþjónustu vinna í nánnum tengslum við stjórnendur skólans. Fram kom í samtali við skólastjóra að ítrekað hefur verið auglýst eftir sérkennara til starfa án árangurs.

Fyrir kemur að nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá séu með skerta töflu, það er að þeir fái ekki tilskilinn lögbundinn kennslustundafjölda.

Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir nemendum og leitað leiða til að þeim líði vel.
- Hugað er að margvíslegum þörfum nemenda með ýmsum sérúrræðum.

Tækifæri til umbóta

- Einn aðili hafi umsjón með og skipuleggi nám nemenda með sérþarfir í öllum bekkjardeildum.
- Sjá til þess að allir nemendur fái lögbundinn kennslustundafjölda.
- Leita leiða til að skapa námsaðstæður innan almenns bekkjarstarfs sem hefur það markmið að allir nemendur séu virkir þátttakendur og eigi hlutdeild í bekkjarsamfélaginu.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni, einkum hvað varðar styrkleika. Í stórum dráttum má segja að í Stóru-Vogaskóla sé jákvætt og vinsamlegt námsumhverfi þar sem leitast er við að mæta hverjum nemanda af virðingu og láta þeim líða vel. Til eflingar skólastarfsins ætti að leggja enn frekari áherslu á námsárangur og nemendabátttöku.

Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar í stjórnun felast meðal annars í því að stjórnandi stuðlar markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti við starfsmenn og foreldra og er lýðræðislega unnin stefna um heimanám meðal annars til vitnis um það. Jákvæður skólabragur einkennir starf skólans. Starfs- og símenntunaráætlun og skólanámskrá eru birtar opinberlega og eru aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir úr sínum hópi. Foreldrum er reglulega boðið í vettvangsheimsóknir í skólann og vel er hlustað eftir því sem þeir hafa fram að færa.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Vinna eineltisáætlun og verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks.
- Vinna markvisst að því að byggja upp lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum og efla þá til virkrar þátttöku í umræðum og ákvörðunum.
- Skipuleggja tímasetningar í stundatöflu með þeim hætti að nemendur hafi nægjanlegt svigrúm/tíma til að komast í og/eða úr kennslustundum í íþróttum og sundi.
- Endurskoða skólareglur og meðferð agamála með tilliti til nýrrar reglugerðar.
- Efla hlut skólaráðs sem virks samráðsaðila við stjórnun skólans og stefnumótun.

Styrkleikar í námi og kennslu

Meðal helstu styrkleika skólans eru jákvæður skólabragur. Samskipti innan skólans og við samfélagið eru góð og einkennast af virðingu. Bekkjarstjórnun er góð og samhljómur meðal kennara um hana og unnið að því að efla samskipti og ábyrgð nemenda á eigin hegðun. Skólinn hefur markvissa umhverfisstefnu þar sem nemendur taka virkan þátt. Kennarar eru vel menntaðir og hafa góða fagþekkingu á þeim námsgreinum sem þeir kenna. Sett hefur verið samræmd heimanámsstefna með þátttöku foreldra.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Huga þarf að námi og námsframvindu nemenda í ljósi niðurstaðna samræmdra könnunarprófa.
- Efla og auka þarf þátttöku nemenda við ákvarðanatöku vegna eigin náms og í skólastarfi almennt. Nota áætlanir markvisst með nemendum til að skipuleggja nám þeirra og kennslu og virkja nemendur við að meta eigin námsframvindu.
- Nýta upplýsingatækni meira í námi og kennslu.
- Efla fjölbreytni í kennsluháttum með það að markmiði að efla virkni, ábyrgð og samvinnu nemenda og möguleika á að mæta þörfum allra innan bekkjarumhverfis.

Styrkleikar í innra mati

Í innra mati eru styrkleikar helstir að fyrir liggja þær leiðir sem skólinn fer til að meta eigið starf og að innra matið er notað til að kanna hvort markmiðum hafi verið náð. Einnig eru notaðar fjölbreyttar leiðir til að afla gagna og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og fulltrúar allra hagsmunaaðila geta nefnt dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Vinna að gerð langtímaáætlunar um innra mat sem tekur til helstu þátta skólastarfsins.
- Leita leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku allra kennara sem og r í kennsluháttum.
- Huga að stofnun matsteymis skipuðu fulltrúum allra hagsmunaaðila varðandi ákvarðanir um áherslur og forgangsröðun í innra mati. Kynna niðurstöður innra mats með formlegum hætti og tryggja að nemendur þekki niðurstöður mats og kannana sem þeir taka þátt í.
- Setja í umbótaáætlun hvernig og hvenær er hugað að mati á umbótum sem hafa verið gerðar.

Styrkleikar varðandi nám nemenda með sérþarfir

Samhljómur er um að bera virðingu fyrir fjölbreytileika og fjölbreyttum þörfum. Leitast er við að láta öllum nemendum líða vel. Stuðningur við nemendur með sérþarfir er fjölbreyttur með margvíslegum sérúræðum. Sérfræðiþjónusta sem skólinn nýtir sér er markviss og sérfræðingar koma reglulega í skólann. Allir starfsmenn eru vel upplýstir um nemendur með sérþarfir og starfshópurinn vinnur að því að efla sig með ýmsu móti með tilliti til sömu nemenda.

Tækifæri til umbóta varðandi nám nemenda með sérþarfir

- Skipulag og umsjón vegna nemenda með sérþarfir ætti að vera hjá einum aðila sem hefur sérfræðiþekkingu.
- Leita þarf frekari leiða til að skapa námsumhverfi innan bekkjarins sem gerir nemendum með sérþarfir kleift að vera virkir þátttakendur og eiga hlutdeild.
- Leggja aukna áherslu á að efla námslegan þátt í tengslum við nemendur með sérþarfir.
- Skrá hvernig bregðast eigi við niðurtstöðum skimana og mats.

Frekari greining fyrir Stóru- Vogaskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.


B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fullilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs-áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátt

Mat á gæðum kennslustunda




Kennsluhættir

Notkun upplýsingatækni


Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í sjö kennslustundum af 23.

Kennarar nýttu upplýsingatækni við kennslu í sex af þessum kennslustundum.


Kennsluathafnir



Samvinna og einstaklingsvinna



Hópastærðir, nemendur á kennara í almennri kennslu



Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími er vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Má bæta

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - v þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimv enn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara.
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara.
- Bein kennsla - samræður við nemendur.
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti.
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum.
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur.
- Sýnikennsla, útskýringar.
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg.
- Horft á kvikmyndir og myndbönd.
- Þjálfun og æfingar.

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar.
- Lausnaleit.
- Námsefni lesið saman og rætt með nemendum.
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni.
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms.
- Rannsóknir.
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur.

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist af dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna.
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði.
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat).
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni.

Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni.
- Þemaverkefni, unnin í hópum.
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna.
- Námsleikir og spil.
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing.
- Samvinnunám.



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: Leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf

Stóru-Vogaskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.storuvogaskoli.is/>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Gögn um samræmd próf, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

